

Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB þriðjudagur 29. mars kl. 19:15 í K-húsi,

Mættir: Falur, Friðrik Hrannar, Guðmundur, Guðný, Lúðvík, Sigurþór, Sigurbjörg, Hjördís, Elín, Anna, Harpa, Helga, Júlíus.

Ant undir ákveðnum liðum.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt án athugasemda.

2. Lok æfingatímabils og fleira frá yfirþjálfara

Sæhestar og yngri ljúka æfingum eftir Landsbankamótið.

Selir ætla að reyna við Akranesmótið.

Höfrungar og Hákarlar verða sameinaðir í Vatnaveröld undir stjórn Guðnýjar eftir Akranesmótið og þeir sem fara á AMÍ fara þangað og æfingum lýkur eftir það.

Afrefshópar munu ljúka æfingum í næstsíðustu vikunni í júlí og taka tveggja vikna sumarfrí.

Boðið verður upp á mót fyrir Laxa í Heiðarskóla eða Akurskóla.

3. ÍM50

31. mars verður foreldrafundur vegna ÍM50 og bréf hefur verið sent út.

Bolir tilbúnir til afhendingar á föstudaginn og Hrannar tekur myndirnar á laugardaginn.

Söfnun í fullum gangi. Hluti af styrk HS orku og HS veitu fer í ÍM50.

4. Landsbankamót

Tilkynning hefur verið send út og Landsbankinn mun styðja við sundstarfið í Reykjanesbæ á glæsilegan hátt. Verðlaun fyrir bestu tíma. Borðar frá gömlu ÍBV móti sýndir og ákveðið að panta fyrir mótið verðlaun án ártals til að afhenda fyrir besta tíma.

Hópstjórar settir í hlutverk.

5. Uppskeruhátíð

Farið yfir stöðu mála. Lúðvík fer í verðlaunamálin. Búið að fá tilboð í mat og panta töframann.

Foreldrafundur 28. apríl vegna Landsbankamóts og þar verður uppskeruhátíð kynnt. Lokafrestur til að skrá sig á uppskeruhátíðina verður 5. maí. Skráningu verður að fylgja greiðsla í gegnum heimabanka.

6. Samningar við styrktaraðila

Landsbankinn hefur gengið inn í styrktarsamninga Sp-Kef. Skóbúðin hefur áhuga á skilti við klefana.

Sigurbjörg hefur samband við Hermann.

Enn á eftir að ganga frá skiltum:

Langbest – Elsie

Byko – athuga hver er að tala við þá.

Ráin – Lúðvík

Perlan fer niður og Bláa Lónið fer þar upp.

Hjördís hefur aftur samband við Lýsi og Orkuna.

MS vildi ekki skilti.

7. Cross-fit og Gígja

Á foreldrafundinum verður sú hugmynd kynnt að nota hagnaðinn af Bikar til að borga Gígju þ.e. hlut þeirra sem eru hjá Gígju í Cross-fit. Rest fer inná sundsjóð sundmanna og hinir fá sinn hluta inn á sundsjóð.

8. Páskamót

13. apríl. Páskaegg og þátttökupeningar fyrir alla 12 ára og yngri. Harpa sér um það.

9. Sjóður sundmanna

Ákveðið að ræða sameiningu sjóða sundmanna á vettvangi deildanna áður en ákvörðun er tekin.

10. Langsundsmót eftir ÍM50

Verður haldið k. 5:45 mánudaginn 11. apríl. Upphitun hefst 4:45. Allir sundmenn í afrekshópum syna annaðhvort 800m eða 1500m.

11. AMÍ áherslur og markmið

Skráningar á AMÍ verða hugsaðar út frá liðinu til að ná sem flestum stigum fyrir ÍRB. AMÍ er liðakeppni og við einbeitum okkur að því.

12. Sundnámskeið í sumar

Boðið verður upp á námskeið í þremur laugum. Sóley verður yfir með tveimur öðrum þjálfurum. Yngri sundmenn geta sótt um að vera aðstoðarmenn í laugunum ef þeir vilja í gegnum vinnuskólann.

13. Fjáraflanir

Ákveðið að Hákarlar verði framvegis með í fjáröflunum til að safna fyrir ferðum og mótum s.s. AMÍ og Akranesleikum.

14. Samvinna við sundklúbb á Nýja Sjálandi

Ant kom með hugmynd um að fara út í skipti á sundmönnum við North Shore. Sundmaður/menn frá okkur fara til Nýja Sjálands og æfa þar og búa hjá fjölskyldum. Við munum síðan taka á móti sundmönnum frá þeim og bjóða þeim að gista hér hjá fjölskyldum. Heppilegur aldur eru 15-16 ára. Ákveðið að kynna þetta fyrir foreldrum á ÍM50-fundinum

15. Siðareglur

Lagt til að gera drög að fyrstu siðareglum fyrir sundmenn, þjálfara og foreldra. Fyrstu siðareglur verði tilbúnar fyrir næsta tímabil. Guðmundur, Anthony, Sigurbjörg og Hjördís bjóða sig fram í nefnd um málið.

16. Önnur mál

- a) Lúðvík tók á móti styrk frá Bláa Lóninu. Styrkurinn er í formi korta. Lúðvík skoðar málið nánar.
- b) Partý 20. maí. Elín Rós býður sig fram.
- c) Næsti stjórnarfundur 26. apríl

Fundargerð ritaði Sigurbjörg Róbertsdóttir.